

Skólapúlsinn

Foreldrakönnun leikskóla febrúar 2022 – svarhlutfall var 87,1%

1. Daglegt leikskólastarf – 91,4% (landið 92,2%) foreldra voru ánægð með leikskólann og 94,5% (landið 94,8%) foreldra sögðu barnið sitt ánægt í leikskólanum. Ánægja foreldrar með stjórnun skólans er 98,6% (landið 95,2%). Minna er um sérþarfir í mataræði og foreldrar telja að í skólanum sé hollt mataræði 100,0% (landið 95,2%).

2. Námsumhverfi – Foreldrar meta aðstöðu góða 98% (landið 92,6%) og vinnubrögð 86,1% (landið 89,1%). Þátttaka án aðgreiningar telja foreldrar ganga vel í 97,6% (landið 97,2%) tilfella.

3. Samskipti við foreldra – Ánægja með heimasíðu skólans dalar milli mælinga 82,8% (landið 85,3%) telja hana þó enn góða. Þekking á stefnu og námskrá leikskólans hefur breyst frá síðustu könnun og 79,1% (landið 81,4%) foreldra töldu sig þekkja hana. Foreldrar telja sig ekki fá hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu 46,9% (landið 63,8%) og þarf nauðsynlega að endurskoða þá þætti í skólastarfi Krikaskóla.

4. Upphaf og lok leikskólagöngu – leikskólabyrjun mátu 68,8% (landið 74,3%) foreldra góða og er það lægra hlutfall en við eigum að venjast frá fyrri árum. Flutning milli skólastiga er 100% (landið 67,6%) ánægja með sem er mikil breyting milli mælinga. Aðeins mjög lítill hluti foreldra svöruðu þessari spurningu sem litast mikið af því að í Krikaskóla er samþætting það mikil að foreldrar verða lítið varir við yfirfærslu milli skólastiganna. Flutningur á milli deilda fékk 92,9% (landið 90,5%) ánægju samkvæmt mati foreldra.

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta er nýr þáttur í könnuninni. Þar eru ekki mörg svör foreldra en hlutfall sérkennslu og stuðnings er 6,2% (landið 14,7%). Hlutfall sérfræðiþjónustu er 7,7% (landið 9,9%). Hlutfallslega eru ekki mörg leikskólabörn í Krikaskóla í dag sem þurfa á sérfræðiaðstoð að halda í sínu daglega lífi.

Aukaspurning fylgdi könnuninni sem mældi ánægju með COVID viðbrögð skólans. Niðurstaðan bendir til mikillar ánægju 98,5% (landið 95,4%) sem er gleðilegt.

Umbótaáætlun mun birtast í starfsáætlun skólans fyrir næsta skólaár.